

Tuttugasti fundur nefndar. Haldinn í Austurstræti 8 (nefndarsviði Alþingis), dags. 22.10.2019.
Fundur hófst kl. 11:45.

Fundinn sátu: Óli Halldórsson, Vilhjálmur Árnason, Líneik Anna Sævarsdóttir, Valtýr Valtýsson, Hanna Katrín Friðriksson, Steingrímur J. Sigfússon, Margrét Hallgrímsdóttir, Bergþór Ólason, Guðmundur Andri Thorsson

Gestur: Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur hjá Land Lögmönnum.

Forföll: Halldóra Mogensen, Dagbjört Jónsdóttir, Inga Sæland,

Fundagerð ritaði: Steinar Kaldal, verkefnisstjóri.

Þetta gerðist:

1. Lokaskýrsla nefndar

Verkefnisstjóri fór yfir hvernig vinnu verður háttað við gerð lokaskýrslu sem skilað verður 18. nóvember. Textum nefndar um verkefnið sem nefndin hefur sett í samráð hefur verið safnað saman í fyrstu drög að lokaskýrslu. Þessi drög hafa verið sett inn á vinnusvæði nefndarinnar á Teams, þar sem nefndarfolk getur þegar hafið vinnu við að rýna texta. Texta skýrslunnar þarf svo að tvinna saman til að mynda heild sem og að vinna úr og bregðast við umsögnum eftir því sem nefndin hefur fjallað um.

Ákveðið að verkefnisstjóri og formaður vinni að skýrslunni og taki saman yfirlit yfir helstu atriði umsagna (verkefnisstjóri). Þannig liggi fyrir um mánaðamótin október/nóvember næsta útgáfa draga að lokaskýrslu til yfirlestrar og athugasemda af hálfu nefndar.

2. Drög að lagafrumvarpi

Ingibjörg Halldórsdóttir fór yfir nýjustu drög að sérlögum um hálendisþjóðgarð, sem unnin hafa verið í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í samvinnu við nefnd og með áherslur nefndar að leiðarljósi.

Eftirfarandi atriði komu til umræðu:

Almennt: Fram kom að ráðuneytið hafði tekið tillit til allra athugasemda nefndar sem fram komu á síðasta fundi hennar varðandi frumvarpið.

Umdæmisráð: Við athugasemdum nefndar varðandi hlutverk umdæmisráða var lagt til að orðalag lagaákvæðis yrði ekki breytt frá fyrri útgáfu en brugðist við athugasemdum í útskýringum á ákvæðinu í greinargerð frumvarpsins, þar sem fram kemur nákvæm útskýring á því hvernig framfylgja á ákvæðinu.

Orkunýting: Nefndin kom með tillögu að nýrri málsgrein inn í ákvæði um orkunýtingu. Málsgreinin byggir á áherslu nefndar sem fram er komin í samráðsgátt um að málefni orkunýtingar í þjóðgarðinum kallist á við áætlanir Alþingis um orkunýtingu og orkudreifingu og tekið verði tillit til þeirra í frumvarpinu.

3. Dagsetning og tímasetning næsta fundar

Ákveðið var að næsti fundur yrði 5. nóvember 2019 á sama stað og sama tíma.

Fleiri gerðist ekki og var fundi slitið 13:10